

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar varðandi hækkun á nýtingarhlutfalli innan svæðis fyrir samfélagsþjónustu, vegna leikskólans við Ugluklett.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. október 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 14. september 2023.

Í breytingunni felst hækkun nýtingarhlutfalls samfélagsþjónustu Þ4 úr 0,1 í 0,17. Engin breyting verður á upprætti gildandi aðalskipulags. Forsendur fyrir breytingunni eru áform um að stækka leikskólann Ugluklett til að koma til móts við eftirspurn eftir leikskólaláttum.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 26. október 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 9. nóvember 2023